



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 13. janúar 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun áburðarverksmiðju – 96. mál

Landgræðsla ríkisins styður eindregið að könnuð verði hagkvæmni þess að reisa sem fyrst áburðarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Stofnunin hefur um langt árabil verið stærsti einstaki notandi tilbúins áburðar hér á landi. Köfnunarefnið sem framleitt yrði í fyrirhugaðri verksmiðju er stærsti hluti næringarefna í hefðbundnum tilbúnum áburði og það næringarefni fyrir gróður sem mestur hörgull er á í íslenskum jarðvegi. Nær allur köfnunarefnisáburður sem framleiddur er í heiminum er miðaður við þarfir akuryrkjunnar og gróðurhúsaframleiðslu, sem eru að efnasambönd köfnunarefnisins séu sem allra auðleysanlegust og og umbreytist fljótt í nýtanlegt form fyrir hraðvaxta uppskerumiklar plöntur. Þessu er nákvæmlega þveröfugt farið með köfnunarefnisáburð sem hagkvæmast er að nota í landgræðslu og skógrækt. Þar gildir að köfnunarefniseiningarnar leysist frekar hægt upp og helst á tveimur til þrem árum. Verði af starfrækslu innlendrar áburðarverksmiðju er mikilvægt að sveigjanleiki skapist til að koma til móts við þessar þarfir og að auðveldara verði að semja um framleiðslu á torleystum landbótaáburði. Það væri mikið hagsmunamál fyrir þær stofnanir, félag og félagasamtök og þúsundir einstaklinga sem stunda landgræðslu og skógrækt hér á landi og liður í að hámarka árangur þeirra landbótastarfs.

Landgræðsla ríkisins leggur mikla áherslu á að farið verði að nýta það mikla magn lífræns úrgangs sem til fellur hér á landi sem áburð. Lífrænn áburður er hinsvegar lágur í köfnunarefni og því væri kostur að aðgengi væri að ódýrum köfnunarefnisáburði til íblöndunar og dreifingar með lífrænum áburði. Mikill áhugi er á notkun slíks áburðar og það gæti haft í för með sér mikla aukningu í notkun köfnunarefnisáburðar á komandi árum.


Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að stórefla landgræðslu og skógrækt og bindingu kolefnis, hagkvæmasta framkvæmd sem einhverju skilar í aðgerðum okkar gegn loftslagsbreytingum. Ríkisstjórn Íslands undirritaði einnig í júní 2014 skuldbindingu um að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 860.000 tonn CO₂-ígilda fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að um helmingi af þessu verði náð með aukinni kolefnisbindingu með skógrækt og landgræðslu. Það gerist ekki nema með mikilli notkun áburðar þar sem köfnunarefni er langstærsti hluti næringarefna. Mest allur köfnunarefnisáburður í heiminum er framleiddur

með brennslu jarðefna, kola og olíu. Þegar á heildarmynd loftslagsbreytinga er litið, væri það jákvætt skref í loftlagsmálefnum að Íslendingarframleiddu mikið magn. Ennfremur er brýnt að Íslendingar eigi tryggan aðgang að köfnunarefnisáburði á hagkvæmu verði.

Merkar áburðarrannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fóru fram í Gunnarsholti í lok síðustu aldar, sem staðfestu þörfina á íblöndun brennsiteins í tilbúinn áburð hér á landi, ekki síst á eldfjallalsvæðunum, svo einkennilegt sem það nú virðist. Gnægð brennisteins er til staðar hér á landi eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni.

Sérfræðingar Landgræðslu ríkisins eru fúsir til að koma á fund Atvinnuveganefndar og kynna frekar viðhorf Landgræðslu ríkisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.